

31. maí

Aðalstörf fjárskiptanefndar eru:

- a. Að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns á sem hagfelldastan hátt;
- b. að sjá um að einangrun svæðisins sé tryggð eftir þörfum;
- c. að beita sér fyrir kaupum á ósýktu fé inn á svæðið, og sjá yfirleitt um að allar framkvæmdir séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli.

5. gr.

Sameiginlegur kostnaður sem tilheyrir fjárkaupunum og ekki greiðist úr ríkissjóði (ríkissjóður greiðir flutningskostnað lamba) skal jafna niður á innkeypt fé.

6. gr.

Fjárskiptanefnd skal starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. maí 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

SAMÞYKKT

31. maí

um fjárskipti á svæðinu milli Héraðsvatna og varnargirðinga í Eyjafirði.

1. gr.

Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, er (hreppar og hreppshlutar): Holts- hreppur, Haganeshreppur, Fellshreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur, Hólahreppur, Viðvíkurhreppur og Akrahreppur í Skagafjarðarsýslu, Saurbæjarhreppur og tveir bæir úr Öngulstaðahreppi og fjórir úr Hrafnagilshreppi framan girðingar, Glæsi- bæjarhreppur norðan varnargirðingar, Öxnadalshreppur Skriðuhreppur, Arnarnes- hreppur, Árskógshreppur, Svarfaðardalshreppur, Dalvíkurhreppur og Hriseyjar- hreppur í Eyjafjarðarsýslu, lögsagnarumdæmi Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

2. gr.

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á þessu svæði skal fara fram haustið 1949, eða svo fljótt, sem við verður komið. Svæðið skal vera sauðlaust eitt ár. Þó skal sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdanefnd fjárskiptanna á svæðinu heimilt, að undangenginni ýtarlegri rannsókn, að draga um eitt ár slátrun á þeim svæðum, sem sannað verður, að mæðiveiki eða garnaveiki hefur ekki orðið vart, eða taka þar inn nýjan fjárstofn sama haust og niðurskurður fer fram.

3. gr.

Fulltrúaráð fjárskiptanna skipa 57 menn, eða þrjár fyrir hvern hrepp og bæjar- félag, samkvæmt 25. gr. laganna, og jafnmargir til vara. Framkvæmdanefnd skipa 5 menn, og aðrir 5 til vara, kosnir af fulltrúaráði.

4. gr.

75

31. maí

Aðalstörf fjárskiptanefndar eru:

- a. Að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns á sem hagfelldastan hátt;
- b. að sjá um að einangrun svæðisins sé tryggð eftir þörfum;
- c. að beita sér fyrir kaupum á ósýktu fé inn á svæðið, fyrst og fremst frá Vestfjörðum;
- d. að sjá yfirleitt um að allar framkvæmdir séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli.

5. gr.

Sameiginlegur kostnaður, sem tilheyrir fjárkaupunum og ekki greiðist úr ríkissjóði (ríkissjóður greiðir flutningskostnað lamba) skal jafna niður á innkeypt fé. Annar kostnaður skiptist niður á hreppana og bæjarfélögin í hlutfalli við bóta-skylda fjártölu þeirra.

6. gr.

Fjárskiptanefnd skal starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar. Auk þess skal framkvæmdanefnd beita áhrifum sínum til aukinna tekjumöguleika fyrir þá bændur, sem ekki hafa aðstöðu til mjólkursölu eða annarrar tekjuöflunar, t. d. með því, að hlutast til um að þeir við fjárskiptin fái hlutfallslega fleiri líflömb, og á annan hátt eftir því sem fært þykir.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. maí 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

REIKNINGUR

76

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna árið 1948.

T e k j u r :

| | |
|--------------------------------|--------------|
| 1. Eign í ársbyrjun: | |
| Innstæða í Söfnunarsjóði | kr. 48073.98 |
| 2. Vextir | — 2266.56 |
| | <hr/> |
| | Kr. 50340.54 |

G j ö l d :

| | |
|---|--------------|
| 1. Úthlutað Ingibjörgu Halldórsdóttur | kr. 2000.00 |
| 2. Eign í árslok: | |
| Innstæða í Söfnunarsjóði | — 48340.54 |
| | <hr/> |
| | Kr. 50340.54 |

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 19. janúar 1949.

Sigurgeir Sigurðsson.